

Heiti: Nýnemaferðir í tómstunda- og félagsmálafræði: Félagsleg tengslamyndun sem lykill að farsælli aðlögun nýnema í háskóla

Höfundar: Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson

Aðlögun nýnema að háskólasamfélagi hefur áhrif á námsárangur, vellíðan og áframhaldandi nám. Félagsleg tengslamyndun, vinátta og öflugt stuðningsnet eykur virkni, dregur úr brotthvarfi, minnkar kvíða og stuðlar að aukinni skuldbindingu gagnvart námi. Þá getur það að tilheyra verið mikilvægara en námsleg geta, ekki síst í upphafi náms. Rannsóknir sýna að fyrstu vikurnar í háskólanámi eru viðkvæmur tími fyrir brottfall og því er mikilvægt að fara í aðgerðir sem stuðla að tengslamyndun strax í upphafi. Í þessu erindi verður fjallað um 25 ára reynslu af nýnemaferðum í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands, þar sem nýnemar og kennarar dvelja saman í tveggja daga ferð í upphafi haustmisseris. Markmið ferðanna er að efla félagsleg tengsl, tilfinningu um að tilheyra og traust milli nemenda og kennara. Rýnt verður í reynslu kennara og nemenda af nýnemaferðunum en nemendur segja hluti eins og „Nýnemaferðin skipti mig persónulega öllu máli“, „Þessi ferð er með því mikilvægasta sem gert er í náminu“, „ferðin skapaði óvenju sterka samheldni innan hópsins“ og „Þessi tengslamyndun hafði djúpstæð áhrif“. Ljóst er að nýnemaferðin gegnir mikilvægu hlutverki í aðlögun nýnema að háskólanámi og stuðlar að sterkari tengslum bæði við samnemendur og kennara. Í erindinu verður sagt frá fyrirkomulagi og uppbyggingu ferðanna, áherslum og með hvaða hætti væri hægt að innleiða slíka vinnu á öðrum námsbrautum háskóla.